

Nd. 475. Frumvarp til laga [243. mál]
um breyting á lögum nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7/1980.

Flm.: Guðmundur J. Guðmundsson, Albert Guðmundsson.

1. gr.

66. gr. laga nr. 40/1978 (sbr. 34. gr. laga nr. 7/1980), ásamt fyrirsögn, orðist svo:

Lækkun á tekjuskattsstofni vegna veikinda o. fl.

Skattstjóri skal taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns þegar svo stendur á sem hér greinir:

1. Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannlát hafa skert gjaldþol manns verulega.
2. Ef á framfæri manns er barn sem haldið er langvinnnum sjúkdómum eða er fatlað eða vangefið og veldur framfæranda verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað og móttæknar bætur.
3. Ef maður hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.
4. Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16 ára eða eldri.
5. Ef maður hefur orðið fyrir verulegu eignatjóni sem hann hefur ekki fengið bætt úr hendi annarra aðila.
6. Ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna tapa á útistandandi kröfum, sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans.
7. Ef maður lætur af störfum vegna aldurs og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.

Nánari ákvæði um framangreindar ívilnanir skulu sett af ríkisskattstjóra. Skattstjóri getur veitt ívilnanir samkvæmt þessari grein án umsóknar. Ákvörðun skattstjóra samkvæmt þessari grein má skjóta til ríkisskattstjóra sem tekur endanlega ákvörðun í málinu. Ríkisskattstjóri skal sérstaklega fylgjast með ívilnunum, sem skattstjórar veita samkvæmt þessari grein, og sjá til þess að samræmis sé gætt og ákvæðum þessarar greinar framfylgt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 66. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt eru heimildarákvæði fyrir skattstjóra að lækka tekjuskattsstofn í þeim tilvikum er frá er greint. Flutningsmenn telja að í mörgum tilvikum nýti skattstjórar ekki þessi heimildarákvæði þó til þess væri full ástæða. Þykir okkur því eðlilegt að skattstjórum sé gert að skyldu að taka fullt tillit til lækkunar á tekjuskattsstofni vegna veikinda o. fl. samkv. 66. gr. ofangreindra laga.